

Frankvæmdaráðsfundur Delta Kappa Gamma
félags kvenna í fræðslustörfum

haldinn laugardaginn 25. ágúst 2007 á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar kl. 10:00 –15:00

Mættar voru:

Anna Þóra Baldursdóttir Betadeild, forseti landssambandsins
 Árný Elíasdóttir Gammadeild, gjaldkeri
 Ásta Lárusdóttir Etadeild, gjaldkeri
 Erna Árnadóttir Alfadeild, formaður
 Eyrún Gísladóttir Etadeild, meðstjórnandi í landssambandsstjórn
 Guðbjörg M. Sveinsdóttir Þetadeild, gjaldkeri landsambandsstjórnar og Þetadeildar
 Guðný Helgadóttir Gammadeild, 1. varaforseti landssambandsins
 Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir Etadeild, formaður
 Guðrún Þórunna Jónsdóttir Epsilondeild, gjaldkeri
 Helga Guðmundsdóttir Zetadeild, formaður
 Ingibjörg Auðunsdóttir Betadeild, 2. varaforseti landssambandsins
 Ingibjörg Einarisdóttir Gammadeild, fráfarandi forseti landssambandsins
 Ingibjörg Frímansdóttir Alfadeild, varaformaður
 Ingibjörg Jónasdóttir Gammadeild, formaður
 Jóhanna Ásgeirsdóttir Jótadeild, gjaldkeri
 Jóhanna S. Þorsteinsdóttir Betadeild, gjaldkeri
 Jensína Valdimarsdóttir Deltadeild, gjaldkeri
 Kolbrún Guðnadóttir Epsilondeild, formaður
 Margrét Elín Guðmundsdóttir Kappadeild, gjaldkeri
 María Steingrímsdóttir Betadeild, formaður
 Marsibil Ólafsdóttir Kappadeild, formaður
 Sigrún Jóhannesdóttir Deltadeild, fyrirlesari á framkvæmdaráðsfundinum
 Sigurveig Sigurðardóttir Deltadeild, formaður
 Steinunn Guðmundsdóttir Jótadeild, formaður
 Þóra Kristinsdóttir Alfadeild, ritari landssambandsstjórnar og gjaldkeri Alfadeildar
 Þórunn Friðriksdóttir Þetadeild, formaður

1. Setning fundar: Anna Þóra Baldursdóttir forseti landssambandsins setti fund og kveikti á kertunum þremur, þakkaði Ingibjörgu Einarisdóttur, fráfarandi forseta fyrir fundaraðstöðuna og bauð fundarkonur velkomnar. Hún kynnti nýja stjórn landssamtakanna og dagskrá fundarins og bað síðan konur um að kynna sig.

2. Orð til umhugsunar: Ingibjörg Einarisdóttir flutti orð til umhugsunar. Hún nefndi að þessi tvö ár sem hún hefði verið forseti hefðu verið annasöm en skemmtileg. Hún heimsótti flestar deildir á tímabilinu og mikið var um að vera vegna 30 ára afmælis samtakanna á Íslandi, t.d. útgáfa bókar með greinum eftir félagskonur. Stofnuð var ný deild á Stór-Reykjavíkursvæðinu og Zetadeild á Austurlandi endurreist. Ingibjörg minnti að lokum á hversu mikilvægt embætti formanna deildanna væri, bar það saman við ábyrgð umsjónarkennara í bekk.

3. Fundargerð síðasta fundar: Þar sem fundargerð hafði verið send út þótti ekki ástæða til að lesa hana upp. Ekki komu fram neinar athugasemdir og var fundargerðin samþykkt samhljóða.

4. Sjálfsefning í starfi deilda: Sigrún Jóhannesdóttir úr Deltadeild flutti fyrirlestur sem hún nefndi “*Starfsfærni nýrra tíma- færniefning í Delta Kappa Gamma*”. Í umfjöllun sinni kynnti hún hugmyndir Peter Koestenbaum (pib.net) sem henni finnst hafa gefist vel. Í þeim felst að allir séu leiðtogar því að í daglegu lífi nútímans sé svo mikið af flóknum verkefnum. Sigrún ræddi í því samhengi hugtökin *forystuhæfni* og *leiðtogaeiginleika* og sýndi fundarkonum hvernig nota má *leiðtogatígulinn*, sem byggir á fjórum ásum tíguls: *næmi*, *framsýni*, *djörfung* og *veruleika*, til sjálfsskoðunar. Hún varpaði fram hinum sígildu spurningum: *Hverjar erum við? Hvert er hlutverk DKG? Hvað gera samtökin fyrir okkur?* Síðan var stutt hópvinna þar sem fundarkonurr ræddu spurninguna *hver væru mikilvægustu verkefnin innan hveurrar deildar?* Þar kom fram að mörg atriði voru sameiginleg hjá deildunum, s.s. mætingar, samstarf milli deilda, efling innra starfs og að kynnast betur styrkleika deildarkvenna hveurrar um sig Sigrún nefndi í lokin að hún hefði haft mörg hlutverk innan samtakanna, nánast aldrei verið hlutverkalaus, en sú vinna hefði skilað sér margfalt í tengslum við ýmislegt annað. Gerður var góður rómur að fyrirlestri Sigrúnar.

5. Fréttir af Evrópuþinginu: Ingibjörg Jónasdóttir flutti stutta frásögn af Evrópuþinginu sem haldið var í London í ágúst. Nokkur hópur kvenna frá Íslandi var þar mættur og var þátttaka hópsins virk sem fyrirlesarar og einnig með “workshops”. Guðrún Helgadóttir rithöfundur var kynnt á þinginu sem listamaður en hún var heiðruð á landssambandsþinginu í Reykholti fyrir á árinu.

6. Landssambandsþing í Reykholti, stefna alþjóðaforsætans og drög að framkvæmdaáætlun landssambandsins: Anna Þóra Baldursdóttir sagði að landssambandsþingið í Reykholti hefði verið fjölmennasta landssambandsþingið hingað til, eða um 85 þátttakendur. Var þingið vel heppnað enda um að ræða 3ö ára tímamótafagnað frá stofnun samtakanna á Íslandi. Kvatti hún þá formenn sem á þinginu voru til að segja frá þinginu í sinni deild. Anna Þóra fór einnig yfir stöðu Íslands innan samtakanna. Fjölgun félaga væri mest á Íslandi, mætti jafnvel tala um heimsmet! Athyglisvert að á Íslandi væri mun meiri breidd varðandi aðild félaga þar sem hér ættu nánast öll skólastig sína fulltrúa í samtökunum en svo væri ekki alls staðar.

Anna Þóra gerði því næst grein fyrir aðalatriðum í stefnu alþjóðaforsætans, Barböru Gray, og nefndi að í *drögum að framkvæmdaáætlun landssambandsins* væri stefna alþjóðaforsætans lögð til grundvallar.

Þar væri efst á blaði *stuðningur við nýja kennara* (nýliða í kennslu). Þessu væri hleypt af stokkunum vegna mikils brottfalls kennara víða um lönd, einkum ungra kennara. Deildir og landssambandið finni leiðir til að styðja við nýja kennara og geri það að verkefni. Ennfremur að málefni nýja kennarans verði þema á landssambandsþingi 2009.

Útbreiðsla er einnig á stefnuskránni. Í því samhengi gæti verið tímabært að hefja vinnu við að stofna nýja deild á Norðvesturlandi og loka þannig hringnum. Ennfremur að setja markmið um að fjölga félögum í deildum á tímabilinu, miða t.d. við fjóra félagi í deild. Hafa þarf í huga að nýir félagar hafi sem fjölbreyttasta menntun, reynslu og sinni ólíkum störfum sem tengjast menntageiranum,

Sí-og endurmenntun er þriðji liður í framkvæmdaáætluninni. Félagskonur eru hvattar til að afla sér sí-og endurmenntunar, bæði formlega og óformlega. Deildirnar geta stutt slíka viðleitni þannig að félagskonur miðli efni hver til annarra svo og deildir sín á milli með heimsóknnum (vinadeildir). Anna Þóra minnti á að alþjóðasamtökin byðu upp á fjöldann allan af mjög góðum styrkjum vegna sí-og endurmenntunar sem hefðu nánast ekkert verið nýttir af íslenskum konum. Hvatti hún félagskonur til að skoða þennan vettvang t.d. á vef samtakanna. Það væri í athugun hvort landssambandið gæti haft forgöngu um aðstoð eða leiðsögn varðandi styrkumsóknir þar sem bandaríska kerfið væri nokkuð þungt í vöfum. Varðandi *erlend samskipti* þarf að stuðla að aukinni virkni félagskvenna með tilnefningum í nefndir svæðisbundið og á alþjóðavettvangi samtakanna. Félagskonur eru einnig hvattar til að gefa kost á sér til fyrirlestrarhalds innanlands og /eða á erlendum vettvangi samtakanna.

Varðandi *útgáfu-og upplýsingamál* liggur fyrir að endurskoða handbókina fyrir formenn og stjórnir og endurnýja fjórblöðunginn. Ný vefsíða sem Eygló Björnsdóttir í Betadeild hefur unnið að verður tengd við vef alþjóðasambandsins.

Vorþing/landssambandsþing. Tímasetning vorþinga hefur oft reynst óhentug og eins er um töluverðan kostnað að ræða fyrir margar konur. Spurning hvort betri mæting yrði á landssambandsþingum ef vorþingum væri sleppt. Anna Þóra telur rétt að ræða hvort regluleg vorþing skuli lögð af en heimilt verði að boða til vorþinga eftir sem áður ef ástæða þykir til.

7. Umræður um starf og hugmyndir um viðfangsefni deilda og landssambandsins: Fundarkonur skiptust í hópa og ræddu um framangreind atriði framkvæmdaáætlunarinnar. Hóparnir gerðu síðan stuttlega grein fyrir umræðum og engar sérstakar athugasemdir komu fram við drög framkvæmdaráætlunarinnar en forseti bað um að hver hópur sendi punkta úr niðurstöðum hópsins til ritara (thorak@khi.is).

8. Fjármál og starf gjaldkera: Guðbjörg Sveinsdóttir gjaldkeri samtakanna minnti á að lýsingu á starfi gjaldkera væri að finna í *Handbók fyrir formenn og stjórnir*. Hún útbýttii möppu til gjaldkeranna með ljósritum af öllum eyðublöðum ásamt leiðbeiningum um notkun. Hún fer fram á að formenn kynni afmælisritið og bókamerki í deildum sínum og taki með sér nú að loknum fundi nokkur eintök til sýnis og sölu. Verð bókar er kr.3000 og bókamerkis kr.1000. Að gefnu tilefni vildi Guðbjörg nefna að félagsgjald óvirkra félaga væri kr. 1500. Að öðru leyti er félagsgjald til landssambandsins óbreytt, kr. 5000. Guðbjörg vakti athygli á sölubæklingi frá alþjóðasamtökunum, þar væri að finna marga skemmtilega hluti sem deildirnar gætu pantað og selt með hagnaði og aflað þannig fjár til deildarstarfsins. Pöntunartími er ca. 4 vikur.

9. Önnur mál:

- *Félagatal*: Prenta þarf nýtt félagatal og eru formenn sérstaklega beðnir um að fara vel yfir félagatalið í sinni deild og senda breytingar, ef einhverjar eru, til Ingibjargar Einarsdóttur (ingibje@hafnarfjörður.is) Umhugsunarefni hvernig birta skuli félagatalið á vefnum. Formenn eru beðnir um að ræða þetta mál í deildunum.

- Dreift ljósriti með hugmyndum um verkefni (Bulletin 2007-2010). Gæti nýst deildum við skipulagningu vetrarstarfs.

- Komið á framfæri hugmynd um styrktarverkefni við barn/börn í þróunarlöndunum.

- Fyrirspurn frá nýjum formanni: Hvernig á að koma upplýsingum um nýja stjórn deildar til alþjóðasamtakanna? Svar: Eyðublað þar að lútandi berst til formanns deildar (ath. hjá fyrrverandi formanni) en annars er öll eyðublöð að finna á netinu (dkg.net).

Fleiri mál ekki tekin fyrir. Forseti þakkaði fundamönnum góðan fund og sleit fundi kl.15:00

Þóra Kristinsdóttir